

Innköllun á MUNA hampolíu.

Icepharma hefur í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innkallað MUNA hampolíu. Ástæða innköllunarinnar er að umrædd framleiðslulota inniheldur of mikið af THC (tetrahydrocannabinol).

Innköllunin á **eingöngu** við eftirfarandi lotu:

Vörumerki	Muna
Vöruheiti	Hampolía
Strikamerki	5694230036981
Nettómagn	250 ml
Best fyrir dagsetning	30.01.2023
Lotunúmer	Q581
Innflytjandi	Icepharma, Lyngháls 13
Dreifing	Krónan, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Kjörbúðin, Iceland, Melabúðin, Heimkaup, Brauðhúsið, H verslun, Hjá Jóhönnu og Lyfjaver.

Viðskiptavinir sem keypt hafa ofangreinda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Berg vörumerkjastjóri á Heilsusviði Icepharma í síma 540 8072 eða með tölvupósti á netfangið davidb@icepharma.is